

15. ágúst 2016

Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2015

Catch, value and processing of catch 2015

Samantekt

Árið 2015 var afli íslenskra skipa rúm 1.319 þúsund tonn, 243 þúsund tonnum meiri en árið 2014. Aflaverðmæti nam rúmum 151 milljörðum króna og jókst um 15% frá fyrra ári. Stærstum hluta afla íslenskra fiskiskipa var landað á Austurlandi, sem var að mestu uppsjávarafli. Stærstum hluta botnfiskaflans var landað á Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum eða 35%. Af þorskaflanum fór mest í landfrystingu og kolmunnni og loðna fóru að stærstum hluta í bræðslu. Verðmæti aukaafurða sem féllu til við vinnslu fiskaflans nam 5,6 milljörðum króna á árinu 2015 og jókst um 11,3% frá árinu áður.

Töflurnar í þessu hefti byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum, umfjöllun um afla og aflaverðmæti er byggð á vigtar- skýrslum og verkun aflans á ráðstöfunarskýrslum.


Heildarafli íslenskra skipa

Fiskaflinn var tæp 1.319 þúsund tonn og jókst um 22,5% milli ára

Heildarafli íslenskra skipa árið 2015 nam tæpum 1.319 þúsund tonnum og var 22,5% eða 243 þúsund tonnum meiri en árið 2014, en þá var hann rúm 1.077 þúsund tonn. Afli uppsjávarfisks jókst um 63,4% á milli ára, þar af var aukning í loðnafla um 241 þúsund tonn og einnig var aukning í afla kolmunna um rúm 32 þúsund tonn. Samdráttur varð í síldarafla um tæplega 44 þúsund tonn milli ára og í makrílafla um 2,2 þúsund tonn. Skel- og krabbadýraafli var minni en árið áður, rúm 8 þúsund tonn. Veiði á humri dróst mikið saman eða um 26% milli ára en veiði á rækju minnkaði um 16,8%. Aukning var í heildarafla botnfisktegunda um rúm 12 þúsund tonn, eða um 2,9% frá fyrra ári. Um 2,6% aukning var í þorskafla frá árinu 2014. Ýsuafli jókst í magni um 13,7%, ufsaafli um 4,6% og karfaafli jókst um 0,8%. Afli úthafskarfa dróst saman um 12,6% milli ára. Flatfiskaflí jókst um 22,1% milli ára og munar þar mestu um aukinn grálúðafla. Uppsjávarafli nam 64,4% af heildaraflanum, botnfiskaflí 33%, flatfiskaflí tæp 2% og afli skel- og krabbadýra um 0,1%.



Mynd 1. Heildarafli íslenskra fiskiskipa 1983–2015
Figure 1. Total catch of Icelandic vessels 1983–2015




Aflaverðmæti

Aflaverðmæti rúmir 151 milljarðar

Aflaverðmæti ársins 2015 voru rúmir 151,3 milljarðar króna á verðlagi þess árs og hækkaði um tæpa 15 milljarða króna eða 11% frá árinu 2014.

Vægi botnfisktegunda og uppsjávarfisktegunda í aflaverðmæti er annað en þegar miðað er við magn afla eingöngu. Hluttur uppsjávartegunda er um 64,4% af aflamagninu, en tæp 23% af verðmæti landaðs afla. Verðmæti botnfisktegundanna er hins vegar 68% af heildinni þó að magni til séu þær aðeins 33%. Bæði skel- og krabbadýr svo og flatfiskur vega einnig meira í aflaverðmæti en magnhlutfallið eitt segir til um.

Mynd 2. Verðmæti heildarafa 2006–2015 á verðlagi ársins 2015
Figure 2. Value of total catch 2006–2015 at 2015 prices



Mynd 3. Hlutfall afla og aflaverðmætis 2014-2015

Figure 3. Proportion of catch and catch value 2014-2015


**Tafla 1. Breyting á helstu tegundum í magni og meðalverði**

Table 1. Changes in volume and average price of major species

	Tonn	Tonnes	Mism., tonn Diff., tonnes	Mism., % Diff., %	Meðalv. Aver. price 2014	Meðalv. Aver. price 2015	Mism., % Diff., %
Heildarafli Total catch	1.076.874	1.319.395	242.521	22,5	126,29	114,67	-9,2
Botnfiskur Demersal catch	423.303	435.628	12.324	2,9	217,40	236,10	8,6
Þorskur <i>Cod</i>	237.756	243.871	6.115	2,6	223,1	250,0	12,1
Ýsa <i>Haddock</i>	35.814	40.711	4.897	13,7	288,6	281,7	-2,4
Ufsi <i>Saithe</i>	46.051	48.165	2.114	4,6	170,9	197,8	15,7
Karfí <i>Redfish</i>	57.605	58.093	488	0,8	228,6	231,4	1,2
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	2.436	2.128	-308	-12,6	239,7	266,8	11,3
Flatfiskafli Flatfish catch	19.237	23.485	4.248	22,1	367,7	418,8	13,9
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	9.911	12.448	2.536	25,6	519,0	599,5	15,5
Skarkoli <i>Plaice</i>	5.928	6.733	805	13,6	195,4	198,1	1,4
Uppsjáv.afli Pelagic catch	623.247	850.170	226.923	36,4	40,3	40,7	1,1
Síld <i>Herring</i>	101.368	69.975	-31.393	-31,0	58,8	51,0	-13,1
Norsk-íslensk síld							
<i>Atlantic-Scandian herring</i>	56.527	44.005	-12.523	-22,2	62,0	53,6	-13,4
Loðna <i>Capelin</i>	105.736	336.562	230.826	218,3	30,4	29,6	-2,6
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	6.322	16.401	10.079	159,4	119,8	163,6	36,5
Kolmunnur <i>Blue whiting</i>	182.777	214.954	32.177	17,6	26,0	26,4	1,5
Makrill <i>Atlantic mackerel</i>	170.458	168.251	-2.207	-1,3	89,5	61,6	-31,2
Skel- og krabbaafli							
Shellfish catch	11.086	10.112	-975	-8,8	334,9	378,0	12,8
Humar <i>Lobster</i>	1.964	1.453	-511	-26,0	532,2	553,8	4,1
Rækja <i>Shrimp</i>	7.594	6.316	-1.279	-16,8	334,2	470,3	40,7
Annar afli Miscellaneous	0	0	0	131	129,9	13,3	-89,8

Tafla 2. Aflaverðmæti helstu tegunda og breyting á milli ára
Table 2. Catch value of major species and changes from previous year

Milljónir króna <i>Million ISK</i>			Mismunur	Mism., %
	2014	2015	<i>Difference</i>	<i>Diff., %</i>
Heildarverðmæti <i>Total value</i>	136.310	151.301	14.991	11,0
Botnfiskur <i>Demersal catch</i>	92.026	102.854	10.828	11,8
Þorskur <i>Cod</i>	53.040	60.964	7.923	14,9
Ýsa <i>Haddock</i>	10.336	11.467	1.131	10,9
Ufsi <i>Saithe</i>	7.872	9.529	1.656	21,0
Karfi <i>Redfish</i>	13.167	13.443	276	2,1
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	584	568	-16	-2,8
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	7.073	9.835	2.763	39,1
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	5.144	7.463	2.319	45,1
Skarkoli <i>Plaice</i>	1.158	1.334	176	15,2
Uppsjáravafli <i>Pelagic catch</i>	18.235	34.620	16.386	89,9
Sild <i>Herring</i>	5.955	3.572	-2.384	-40,0
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	3.504	2.361	-1.143	-32,6
Loðna <i>Capelin</i>	3.218	9.978	6.760	210,1
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	758	2.684	1.926	254,2
Kolmunnir <i>Blue whiting</i>	4.746	5.666	920	19,4
Makrill <i>Atlantic mackerel</i>	15.264	10.360	-4.904	-32,1
Skel- og krabbaafli <i>Shellfish catch</i>	3.713	3.983	270	7,3
Humar <i>Lobster</i>	1.045	805	-240	-23,0
Rækja <i>Shrimp</i>	2.538	2.970	432	17,0
Annar afli <i>Miscellaneous catch</i>	0	0	0	-

Þorskur

*Magn og verðmæti þorskaflans
jókst á milli ára*

Þorskaflinn var 18,5% heildaraflans, eða tæp 244 þúsund tonn, sem er 2,6% aukning frá árinu 2014.

Þorskurinn er sem fyrr verðmætasta fisktegundin, en aflaverðmæti þorsks nam tæpum 61 milljörðum króna árið 2015 eða um 40,3% af heildaraflaverðmætinu. Aflaverðmæti þorsks jókst milli ára um 7,9 milljarða króna eða 14,9%. Meðalverð þorsks hækkaði um 12,1% milli ára. Um 70,6% þorskaflans var seldur í beinum viðskiptum, þ.e. þegar útgerð selur milliliðalaust til vinnslustöðvar. Í sjófrystingu fór 12,6% þorskaflans og hækkaði verð þess afla um 12,4% (6,9% raunverðshækkun) milli ára. Verðhækkun varð milli ára á innlendum markaði eða 4,5% (0,6% raunverðslækkun), en þar voru 15% heildarþorskaflans seld.


Tafla 3. Viðskipti með þorsk 2013–2015
Table 3. Cod trading 2013–2015

	2013	2014	2015
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	155.660	166.998	172.280
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	65,9	69,6	70,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	179	199	223
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-17,3	10,7	12,4
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	185	209	223
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-11,8	13,1	6,9
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	36.839	30.525	30.621
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	15,6	12,7	12,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	222	285	348
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-21,9	27,9	22,4
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	276	327	348
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-9,2	18,5	6,6
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	38.693	36.921	36.682
% af heildarþorskafli <i>% of total cod catch</i>	16,4	15,4	15,0
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	256	275	287
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-13,2	7,6	4,5
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	263	289	287
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-7,5	9,9	-0,6

¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2015. *Average price (ISK pr. kg) at 2015 prices.*


Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 4. Þorskafli 1983–2015
Figure 4. Cod catch 1983–2015




Mynd 5. Meðalverð þorsks eftir mánuðum 2015

Figure 5. Average price of cod by months in 2015



Mynd 6. Veidarfæraskipting þorskafla 2008–2015

Figure 6. Catch of cod by fishing gear 2008–2015



Ýsa

Aukning var bæði í magni og verðmæti ýsuaflans

Á árinu 2015 veiddust 40,7 þúsund tonn af ýsu, sem er tæpum 5 þúsund tonnum meira en árið 2014. Verðmæti ýsuaflans nam tæpum 11,5 milljörðum sem er 10,9% aukning á milli ára. Meðalverð ýsu dróst saman um 2,4% frá árinu 2014. Rúmlega 40% ýsuaflans voru seld í beinum viðskiptum. Á innlenda markaði fór 34,3% af ýsuaflanum og tæp 7% í gámaviðskipti. Verð í beinum viðskiptum lækkaði milli ára um 1,8% (6,5% raunverðslækkun), var 238 kr./kg. Verð á innlendan markað lækkaði um 11,1% (15,4% raunverðslækkun), fór úr 320 kr./kg í 284 kr./kg, og verð í gámaviðskiptum lækkaði um 0,2% (9,2% raunverðslækkun) frá fyrra ári.

Tafla 4. Viðskipti með ýsu 2013–2015

Table 4. Haddock trading 2013–2015


	2013	2014	2015
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	16.563	14.916	16.353
% af heildarýsuafli <i>% of total haddock catch</i>	36,3	41,3	40,2
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	226	242	238
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	7,0	6,9	-1,8
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	233	254	238
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	14,1	9,1	-6,5
Gámaviðskipti <i>Trading in containers</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	2.704	2.116	2.825
% af heildarýsuafli <i>% of total haddock catch</i>	5,9	5,9	6,9
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	317	336	335
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	7,9	6,1	-0,2
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	380	370	335
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	5,0	-2,6	-9,2
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	16.184	12.028	13.983
% af heildarýsuafli <i>% of total haddock catch</i>	35,4	33,3	34,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	297	320	284
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	4,5	7,9	-11,1
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	305	336	284
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	11,4	10,2	-15,4

¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2015. *Average price (ISK pr. kg) at 2015 prices.*

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 7. Ýsuafli 1983–2015

Figure 7. Haddock catch 1983–2015



Mynd 8. Meðalverð ýsu eftir mánuðum 2015

Figure 8. Average price of haddock by months in 2015



**Mynd 9. Veifarfaraskipting ýsaafila 2008–2015**

Figure 9. Catch of haddock by fishing gear 2008–2015

**Ufsi**

*Magn og verðmæti
ufsaafila eykst*


Ufsaafllinn nam rúmum 48 þúsund tonnum sem er aukning um 4,6 þúsund tonn frá fyrra ári. Aflaverðmæti ufsa jókst um 21% frá fyrra ári og nam tæpum 9,5 milljörðum króna. Meðalverð ufsa hækkaði um 15,7% og var verð á kíló 197,8 kr. Í beinum viðskiptum voru 48,6% aflans seld og hækkaði meðalverð þar um 5,8% (0,7% raunverðshækkun). Um 38,6% ufsaflans var frystur um borð og þar hækkaði verð um 18,4% (6,9% raunverðshækkun). Töluvert minna af aflanum fór á innlenda markaði eða 12,4%. Meðalverð á innlendum fiskmörkuðum jókst um 7,6%, sem er 2,4% raunverðshækkun á milli ára.

Tafla 5. Viðskipti með ufsa 2013–2015Table 5. *Saithe trading 2013–2015*

	2013	2014	2015
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	19.923	24.555	23.414
% af heildarufsafla <i>% of total saithe catch</i>	34,7	53,3	48,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	128	127	135
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-4,9	-0,6	5,8
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	132	134	135
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	1,3	1,5	0,7
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	28.401	15.924	18.596
% af heildarufsafla <i>% of total saithe catch</i>	49,5	34,6	38,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	206	238	282
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-15,2	15,3	18,4
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	225	263	282
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-8,9	17,3	6,9
Innlendir markaðir <i>Trading on domestic markets</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	8.943	5.410	5.967
% af heildarufsafla <i>% of total saithe catch</i>	15,6	11,7	12,4
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	152	170	183
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-15,7	11,7	7,6
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	157	179	183
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-10,2	14,1	2,4


¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2015. *Average price (ISK pr. kg) at 2015 prices.*

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 10. Ufsaafli 1983–2015Figure 10. *Saithe catch 1983–2015*

Mynd 11. Meðalverð ufsa eftir mánuðum 2015

Figure 11. Average price of saithe by months in 2015


**Karfi**

Karfaafli jókst um 0,8% og verðmætið um 2,1%

Karfaafllinn jókst um 0,8% frá árinu 2014 og var rúm 58 þúsund tonn yfir árið 2015. Aflaverðmæti var um 13,4 milljarðar sem er 2,1% aukning frá fyrra ári. Meðalverð var 231,4 kr./kg og hækkaði um 1,2% mill. Stærsti hluti karfans var sjófrystur eða 54,6% og þar hækkaði verð um 0,6% (12,4% raunlækkun), fór í 244 kr./kg. Um 24,5% aflans voru seld í beinum viðskiptum og 11,4% karfaafllans fór í útflutningsgáma. Verð í beinum viðskiptum hækkaði um 4,3% (0,7% raunlækkun) og verð í gámaviðskiptum hækkaði um rúm 3,1% (8,2% raunlækkun).

Mynd 12. Karfaafli 1983–2015

Figure 12. Redfish catch 1983–2015




Tafla 6. Viðskipti með karfa 2013–2015
Table 6. Redfish trading 2013–2015

	2013	2014	2015
Bein viðskipti <i>Direct trade</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	13.631	13.586	14.222
% af heildarkarfafla <i>% of total redfish catch</i>	22,5	23,5	24,5
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	176	167	174
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-2,8	-5,2	4,3
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	181	175	174
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	3,6	-3,2	-0,7
Gámaviðskipti <i>Trading in containers</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	5.806	7.124	6.600
% af heildarkarfafla <i>% of total redfish catch</i>	9,6	12,3	11,4
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	348	311	321
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-1,7	-10,7	3,1
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	352	349	321
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	4,9	-0,8	-8,2
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	35.856	31.572	31.707
% af heildarkarfafla <i>% of total redfish catch</i>	59,3	54,7	54,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	232	242	244
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	-17,1	4,7	0,6
Raunverð ¹ <i>Real price (ISK pr. kg)¹</i>	287	278	244
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-3,7	-3,1	-12,4

¹ Meðalverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2015. *Average price (ISK pr. kg) at 2015 prices.*

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Mynd 13. Meðalverð karfa eftir mánuðum 2015
Figure 13. Average price of redfish by months in 2015



Úthafskarfi

Úthafskarfaafli dróst saman á milli ára

Afli úthafskarfa dróst saman um 12,6% og nam rúmum 2,1 þúsund tonnum samanborið við 2,4 þúsund tonn árið 2014. Aflaverðmætið nam rúmum hálfum milljarði króna sem er minnkun um 2,8% frá fyrra ári. Allur úthafskarfi var frystur um borð.


Grálúða

Nokkur aukning í grálúðafla

Grálúðaflinn var rúmlega 12,4 þúsund tonn árið 2015 sem er 25,6% aukning frá árinu 2014. Heildarverðmæti grálúðaflans nam tæpum 7,5 milljörðum sem er 45,1% aukning frá árinu áður. Grálúðan fór því sem næst öll í sjófrystingu líkt og undanfarin ár.

Mynd 14. Grálúðaafli 1983–2015


Figure 14. Greenland halibut catch 1983–2015



Rækja

Samdráttur í rækjuafli


Rækjuafli á árinu 2015 var rúm 6300 tonn sem er tæplega 16,8% minna en árið áður þegar rækjuaflinn var tæplega 7600 tonn. Aflaverðmæti rækju voru tæpir 3 milljarðar króna samanborið við 2,5 milljarða árið 2014.


Mynd 15. Rækjuafli 1983–2015Figure 15. *Shrimp catch 1983–2015***Síld***Aflasamdráttur í síldveiðum*

Sú skipting síldaraflans sem notuð er hér er annars vegar síld og hins vegar norsk-íslensk síld. Tæplega 70 þúsund tonn veiddust af íslenskri sumargotssíld, sem er um 31,4 þúsund tonnum minni afli en árið 2014. Minnkun varð í aflaverðmæti um 40% sem nam árið 2015 tæpum 3,6 milljörðum króna.

Norsk-íslensk síld*Aflasamdráttur í norsk-íslenskrí síld milli ára*

Afli norsk-íslensku síldarinnar dróst saman um 12,5 þúsund tonn, eða 22,2% frá árinu 2014 og var um 44 þúsund tonn. Aflaverðmætið nam tæpum 2,3 milljörðum króna sem er 32,6% samdráttur frá árinu 2014.


Mynd 16. Síldarafli 1983–2015Figure 16. *Herring catch 1983–2015*

Mynd 17. Veidarfæraskipting síldarafla 1996–2015¹Figure 17. Catch of herring by fishing gear 1996–2015¹¹ Síld og norsk-íslensk síld. Herring and Norwegian spring-spawning herring.**Loðna**

Loðnaflinn var rúmlega 336 þúsund tonn á árinu 2015 samanborið við tæp 106 þúsund tonn árið 2014. Magn landaðra loðnuhrogna nam rúmlega 16 þúsund tonnum en var rúm 6 þúsund tonn árið 2014. Aflaverðmæti loðnu var á árinu 2015 tæpir 10 milljarðar á móti 3,2 milljörðum árið 2014. Verðmæti loðnuhrogna árið 2015 nam tæplega 2,7 milljörðum samanborið við 757 milljónir árið áður.

Mynd 18. Loðnaafli (loðna og loðnuhrogn) 1983–2015

Figure 18. Capelin catch (capelin and capelin roe) 1983–2015




Annar uppsjávarafli

Makrílaflinn var um 168 þúsund tonn sem er 2 þúsund tonnum minna en árið 2014. Verðmæti makrílaflans var mun minna, eða 10,4 milljarðar samanborið við 15,3 milljarða árið 2014.

Af öðrum uppsjávartegundum veiddust tæp 214 þúsund tonn af kolmunna að andvirði 5,6 milljarða króna.

Mynd 19. Annar uppsjávarafli 2000–2015

Figure 19. Other pelagics 2000–2015



Afli eftir kvótaflokkum skipa

Skip með aflamark lönduðu um 844 þúsund tonnum árið 2015 sem er 64% af heildarafla það árið. Það er 8% meira en árið 2014. Botnfiskafli skipanna var rúm 140 þúsund tonn eða 32,2% af afla botnfisks, þar af var þorskaflí þeirra tæp 89 þúsund tonn eða 36,4% af heildarþorskafla ársins. Þessi skipaflokkur var einnig með 45% flatfiskaflans, 80,7% uppsjávarafans og 69,8% skel- og krabbadýraafans.

Skip í kvótaflokknum togarar veiddu alls rúm 388 þúsund tonn árið 2015. Alls er þetta 29,4% heildaraflans sem er 6% minna en árið 2014. Botnfiskafli togaranna var tæp 213 þúsund tonn sem er 48,8% botnfiskaflans. Þar af var þorskaflí þeirra um 99 þúsund tonn sem er 40,7% þorskaflans. Flatfiskafli togara var 12,5 þúsund tonn sem er 53% af flatfiskaflanum árið 2015, en stærstur hluti þess afla var grálúða. Uppsjávarafli togara var rúm 160 þúsund tonn eða 18,9% af heildarafla uppsjávafisks og 22,5% af skel- og krabbadýraflanum

Kvótaflokkar smábáta voru þrenns konar á árinu 2015. Smábátar með aflamark, krókaafلامarksbátar og strandveiðar. Samanlagður afli báta í þessum flokkum var um 86 þúsund tonn eða 6,5% heildaraflans. Þar af voru tæplega 82 þúsund tonn botnfiskafli og nam þorskaflí þeirra rúmum 55 þúsund tonnum sem nemur 22,6% alls þorskaflans.

Heildaraflí krókaafلامarksbáta var rúm 67 þúsund tonn, Smábátar með aflamark fiskuðu rúm 10 þúsund tonn og strandveiðibátar 8,6 þúsund tonn.

Aflaverðmæti eftir tegund löndunar

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu um 54% af aflaverðmæti

Árið 2015 nam verðmæti þess afla sem seldur var í beinni sölu útgerðar til vinnslu-stöðva 81,4 milljörðum króna, sem er um 54% af heildaraflaverðmæti. Verðmæti sjófrystra afurða var tæpir 44 milljarðar eða 29% af aflaverðmæti. Verðmæti fisks sem fluttur var óunninn út í gámum var 4,7 milljarðar. Aflaverðmæti fisks sem keyptur var á markaði til endurvinnslu innanlands var um 20,4 milljarðar króna. Verðmæti afla sem landað var beint erlendis til bræðslu nam rúmum 171 milljónum króna.

Staðsetning löndunar – hvar var fiskinum landað?

Mestu landað á Austfjörðum en minnstu á Norðurlandi vestra

Af þeim 1.319 þúsund tonnum sem landað var af íslenskum skipum árið 2015 var mestu landað á Austurlandi eða tæpum 433 þúsund tonnum, en það er 32,8% heildaraflans. Næst mestu var landað á Suðurlandi, 250 þúsund tonnum eða 19% af heildarafla. Minnstum afla var landað á Norðurlandi vestra, tæpum 30 þúsund tonnum sem eru um 2,3% heildaraflans.

Þorskaflinn skiptist nokkuð jafnt á milli landsfjórðunga

Stærstum hluta botnfisks var landað á norðurlandi eystra, tæpum 80 þúsund tonnum, eða 18,1% botnfiskaflans. Þar var landað mest af þorski tæpum 53 þúsund tonnum, karfa rúmum 8 þúsund tonnum og af ýsu rúmum 7 þúsund tonnum. Rúm 41 þúsund tonn af þorskafla fóru til Suðurnesja, tæp 40 þúsund tonn til Vesturlands annars vegar og rúm 26 þúsund til Vestfjarða. Ýsuaflinn skiptist einnig tiltölulega jafnt milli landssvæða en þó var mest af honum landað á Norðausturlandi, rúm 7 þúsund tonnum.

Mestu landað af flatfiski á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðið barst einna mest af flatfiski á land á árinu 2015 eða rúm 7,2 þúsund tonn sem er 31% flatfiskaflans. Uppistaða aflans var að mestu grálúða, sem nam rúmum 6 þúsund tonnum.

Um 45,3% uppsjávarafans landað á Austurlandi

Rúmum 45% af heildarafla uppsjávarfisks var landað á Austurlandi og nam aflinn tæpum 385 þúsund tonnum. Um 36,7% þess afla var loðna eða rúm 141 þúsund tonn og 33,4% var kolmunn, tæp 129 þúsund tonn. Næst mestu var landað af uppsjávarfiski á Suðurlandi, tæplega 202 þúsund tonnum, þar af var loðna um 95 þúsund tonn og makrill um 51 þúsund tonn.

Mestu landað af rækju á Norðurlandi vestra og humri á Suðurlandi

Á Vesturlandi var rúmum 2 þúsund tonnum af rækju landað á árinu 2015 sem eru 22,4% af heildarafla skel- og krabbadýra. Humaraflinn var mestur á Austurlandi en þar var landað tæpum þúsund þúsund tonnum sem er 66% humaraflans. Nær engum afla var landað af kúfiski á árinu 2015.

Staðsetning vinnslu – hvar var aflinn unninn?¹

Austurland í fyrsta sæti í magni

Samkvæmt ráðstöfunarskýrslum fiskverkenda var unnið úr mestu magni fisks á Austurlandi, eða 540 þúsund tonnum sem er 41% heildaraflans. Því næst kemur Suðurland með 200 þúsund tonn eða 15,2% heildaraflans. Minnst var verkað af fiski á Vestfjörðum, rúmlega 31 þúsund tonn.

Höfuðborgarsvæðið stærst í botnfiski en mest af þorski verkað á Suðurnesjum

Botnfiskaflinn var að mestu unninn á höfuðborgarsvæðinu eða tæp 122 þúsund tonn og eru það 27,9% botnfiskaflans en næst á eftir koma Suðurnes með rúm 88

¹ Þar með talinn aflu vinnsluskipa sem gerð eru út frá svæðinu, sjá vefstöflur á www.hagstofa.is.

þúsund tonn. Stærstur hluti þorskaflans fór til vinnslu á Suðurnesjum, rúm 50 þúsund tonn eða 20,6% þess afla, en tæp 48 þúsund tonn voru unnin á höfuðborgarsvæðinu. Um 34% ýsuaflans voru unnin á höfuðborgarsvæðinu, eða tæp 14 þúsund tonn. Stærsti hluti ufsaaflans fór einnig til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu, tæp 20 þúsund tonn eða 41,2% þess afla, og 46,2% karfaaflans voru einnig unnin þar eða tæp 27 þúsund tonn.

Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes stærst í flatfiski

Á Höfuðborgarsvæðinu var unnið úr mesta magni flatfisks, eða um 48% flatfiskaflans. Þar á eftir koma Suðurnes með 24,1% sem gera 5.660 tonn. Höfuðborgarsvæðið tók einnig á móti mestri grálúðu til vinnslu, um 6.800 tonnum sem eru 54,7% aflans og einnig skarkola eða 51,4% þess afla.

Austurland stærst í uppsjávartegundum

Um 60,1% uppsjávaraflans var unninn á Austurlandi, þar voru 56,4% loðnuafllans unninn eða 190 þúsund tonn og 42,8% af makríl. 88,4% af kolmunnaafllanum var einnig unnin á Austurlandi

Mest unnið úr skel- og krabbadýraaflla á Suðurlandi

Á Norðurlandi vestra var unnið úr tæpum 2.980 tonnum af skelfiski og krabbadýrum sem er 27,9% þess afla. Var þar eingöngu um vinnslu á rækju að ræða. Mestur humar var tekin til vinnslu á Suðurlandi eða tæp 960 tonn (66%).

Í heild var mest verkað í Fjarðabyggð en mest af botnfiski í Reykjavík

Reykjavík er sem fyrr stærsti verkunarstaður höfuðborgarsvæðisins en þar voru verkað tæp 102 þúsund tonn og þar af var botnfiskur rúm 73 þúsund tonn. Á Suðurnesjum var mest unnið í Grindavík eða tæp 52 þúsund tonn en þar af voru 45 þúsund tonn botnfiskur. Akranes var umsvifamesti verkunarstaður Vesturlands en þar voru verkað tæp 29 þúsund tonn. Á Vestfjörðum var unnið úr mestum afla í Ísafjarðarbæ eða sem nam rúmum 23 þúsund tonnum og var botnfiskur uppistaða aflans. Á Norðurlandi vestra var mest unnið á Siglufirði eða tæp 32 þúsund tonn. Af þeim afla voru rúm 27 þúsund tonn botnfiskur. Þórshöfn var stærsti verkunarstaðurinn á Norðurlandi eystra. Þar var unnið úr rúmum 47 þúsund tonnum og var uppsjávaraflinn tæp 45 þúsund tonn og botnfiskaflinn rúm 2 þúsund. Á Austurlandi var mestur afli verkaður í Fjarðabyggð eða 346 þúsund tonn og var stærstur hluti þess afla uppsjávarfiskur eða 323 þúsund tonn. Á Suðurlandi var unnið úr mestum afla í Vestmannaeyjum, 188 þúsund tonn. Uppistaðan í þeim afla voru uppsjávartegundir sem námu 154 þúsund tonnum en botnfiskur nam rúmum 32 þúsund tonnum. Af þeim tæpu 20 þúsund tonnum sem voru verkað erlendis voru 12 þúsund verkað í Færeyjum, mest þorskur og kolmunni.

Tegund vinnslu

Meira af aflanum frystur í landi en um borð

Um 45,7% þess afla sem íslensk skip lönduðu árið 2015 var ráðstafað til bræðslu eða rúmum 601 þúsund tonnum. Í landfrystingu fóru rúm 328 þúsund eða 25% aflans og 14,5% voru fryst um borð eða 190 þúsund tonn. Af botnfiskaflanum voru tæplega 156 þúsund tonn fryst í landi sem eru 35,7% botnfisks og 22,3% voru fryst um borð eða tæp 97 þúsund tonn.

Af þorski var meira fryst í landi en sjófryst

Af þorskaflanum var mest fryst í landi, 98 þúsund tonn eða 40,2% aflans. Um 21,7% aflans fór í salt, sem gera tæp 53 þúsund tonn og rúm 49 þúsund tonn eða 20,2% voru send ísuð í flug.

Um 39,1% ýsuaflans var frystur í landi eða tæp 16 þúsund tonn. Rúm 10 þúsund tonn voru ísuð í flug, sem gera um 25,2% ýsuaflans, en 16,9% aflans var sjófrystur eða tæp 7 þúsund tonn.

Meira en helmingur karfaaflans sjófrystur

Af karfa og úthafskarfa stærstur hlutinn sjófrystur, tæp 34 þúsund tonn eða 56,1%. Í landfrystingu fóru tæp 12 þúsund tonn eða 19,8% aflans og rúm 9 þúsund tonn voru send utan í gámum sem gera 15,3%.


Aukaafurðir

Rúm 44 þúsund tonn af aukaafurðum

Á árinu 2015 nýttu sjómenn og fiskverkendur aukaafurðir sem námu 44,5 þúsund tonnum. Hafa ber í huga að hér er átt við þyngd afurðanna en ekki kíló af fiski upp úr sjó. Mest féll til af afskurði eða rúm 20 þúsund tonn, 12,6 þúsund tonn af lifur voru hirt og rúm 2 þúsund tonn af hrognum. Meðal fleiri aukaafurða má nefna að hirt voru einnig rúm 8 þúsund tonn af hausum og unnin tæp 500 tonn af mjöli. Stærsti hluti þessara afurða fellur til vegna bræðslu eða tæp 23 þúsund tonn, aðallega afskurður, rúm 18 þúsund tonn.

Mynd 20. Verðmæti aukaafurða 2000–2015

Figure 20. Value of by-products 2000–2015



Verðmæti aukaafurða eykst frá fyrra ári

Verðmæti þeirra aukaafurða sem færð voru í land á árinu 2015 nam alls 5,6 milljörðum króna, sem er aukning um 11,3% frá árinu áður. Töluverð verðmætaukning hefur orðið á aukaafurðum á undanförmum árum og hefur hún ríflega þrefaldast frá árinu 2008. Verðmætasta einstaka aukaafurðin voru grálúduhausar sem námu alls tæpum 1,5 milljörðum króna og þar næst komu þorskshrogn með tæplega 0,5 milljarða króna verðmæti. Verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í heildaraflaverðmæti.

English summary

The total catch of Icelandic fishing vessels in 2015 was 1,319 thousand tonnes which is 243 thousand tonnes more than in 2014. The value of the catch amounted to 151 billion ISK and increased by 15% from previous year. The largest part of the catch was processed in the eastern part of the country, mainly pelagic fish. The highest regional share of the demersal catch, almost quarter of the quantity, was landed in Northeast Iceland. The main processing method for cod was freezing in land-based factories, and most of the capelin went to reduction. Total value of by-products amounted to 5.6 billion in 2015.

The data published in the tables are based on weight and processing reports, collected from fish buyers by the Icelandic Directorate of Fisheries.

Tafla 7. Afli og aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa 2014–2015Table 7. *Catch and catch value of Icelandic vessels 2014–2015*

	Tonn <i>Tonnes</i>		Þús. kr. <i>Thous. ISK</i>	
	2014	2015	2014	2015
Heildaraflí <i>Total catch</i>	1.076.874	1.319.395	136.309.863	151.301.060
Botnfiskafli <i>Demersal catch</i>	423.303	435.628	92.026.097	102.853.780
Þorskur <i>Cod</i>	237.756	243.871	53.040.199	60.963.620
Ýsa <i>Haddock</i>	35.814	40.711	10.336.181	11.467.498
Ufsi <i>Saithe</i>	46.051	48.165	7.872.049	9.528.507
Karfi <i>Redfish</i>	57.605	58.093	13.166.798	13.442.527
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	2.436	2.128	584.024	567.953
Steinbitur <i>Catfish</i>	7.277	8.042	1.522.294	1.553.569
Hlýri <i>Spotted catfish</i>	2.150	1.772	513.887	415.867
Langa <i>Ling</i>	12.370	11.536	1.923.731	1.828.508
Blálanga <i>Blue ling</i>	1.585	1.721	221.782	234.266
Keila <i>Tusk</i>	4.991	3.995	604.817	490.585
Langhali <i>Grenadier</i>	36	22	2.809	1.630
Tindaskata <i>Starry ray</i>	1.625	1.239	46.244	30.084
Skötuselur <i>Monk</i>	1.181	929	622.734	527.453
Skata <i>Skate</i>	125	134	11.149	11.596
Lýsa <i>Whiting</i>	921	846	111.401	102.264
Gulllax <i>Silver smelt</i>	7.171	6.199	843.320	703.890
Háfur <i>Spiny dogfish</i>	16	4	3.910	517
Hákarl <i>Greenland shark</i>	24	9	1	44
Annar botnfiskur <i>Other demersal</i>	4.169	6.212	598.768	983.401
Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i>	19.237	23.485	7.072.558	9.835.216
Lúða <i>Halibut</i>	47	91	34.082	41.299
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	9.911	12.448	5.143.862	7.462.825
Skarkoli <i>Plaice</i>	5.928	6.733	1.158.111	1.333.767
Þykkvalúra <i>Lemon sole</i>	1.202	1.772	462.838	691.296
Langlúra <i>Witch</i>	1.179	1.324	184.608	176.739
Stórkjafra <i>Megrim</i>	327	479	46.834	87.622
Sandkoli <i>Dab</i>	504	492	32.900	27.597
Skráþflúra <i>American plaice</i>	137	147	9.203	13.948
Annar flatfiskur <i>Other flatfish</i>	0	0	120	123
Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i>	623.247	850.170	33.498.112	34.624.276
Síld <i>Herring</i>	101.368	69.975	5.955.430	3.571.501
Norsk-íslensk síld <i>Norwegian spring-spawning herring</i>	56.527	44.005	3.503.875	2.360.809
Loðna <i>Capelin</i>	105.736	336.562	3.217.821	9.977.961
Loðnuhrogn <i>Capelin roe</i>	6.322	16.401	757.652	2.683.778
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	182.777	214.954	4.746.422	5.666.444
Makrill <i>Mackerel</i>	170.458	168.251	15.263.526	10.359.701
Annar uppsjávarfiskur <i>Other pelagics</i>	58	23	53.386	4.082
Skel- og krabbadýraafli <i>Shellfish catch</i>	11.086	10.112	3.713.067	3.987.782
Humar <i>Lobster</i>	1.964	1.453	1.045.421	805.378
Rækja <i>Shrimp</i>	7.594	6.316	2.538.184	2.974.540
Kúfiskur <i>Iceland cyprine</i>	17	6	60	6
Önnur skel- og krabbadýr <i>Other shellfish</i>	1.511	2.336	129.402	207.859
Annar afli <i>Miscellaneous catch</i>	0	0	28	7

Tafla 8. Afli og verðmæti afla eftir kvótaflokkum skipa og heimahöfnum þeirra 2015
Table 8. Catch and catch value by quota class of fishing vessel and home port of vessel 2015

Afli í tonnum <i>Catch in tonnes</i>			Smábátar með aflamark <i>Small boats with catch quota</i>		Króka- aflamarks- bátar <i>Hook and line boats with catch quota</i>	Strand- veiði <i>Costal- fisheries</i>	Skip utan flokka <i>Other</i>
Verðmæti í þús. kr. <i>Value in thous. ISK</i>	Samtals <i>Total</i>	Togarar <i>Trawlers</i>	Skip með aflamark <i>Vessels with catch quota</i>				
Landið allt <i>Whole country</i>							
Afli <i>Catch</i>	1.319.209	388.367	844.203	10.350	67.077	8.533	678
Verðmæti <i>Value</i>	151.238.220	67.793.343	61.982.236	2.544.611	16.507.160	2.256.958	153.912
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>							
Afli <i>Catch</i>	118.731	69.897	44.022	340	3.736	319	417
Verðmæti <i>Value</i>	21.979.406	17.907.189	2.916.627	86.941	903.240	77.676	87.734
Vesturland <i>West</i>							
Afli <i>Catch</i>	146.536	23.158	105.867	3.883	12.351	1.270	7
Verðmæti <i>Value</i>	20.091.107	4.968.765	10.776.230	905.972	3.087.655	350.735	1.750
Vestfirðir <i>Westfjords</i>							
Afli <i>Catch</i>	47.757	15.107	13.185	550	16.461	2.216	238
Verðmæti <i>Value</i>	12.090.761	3.729.361	3.464.799	154.318	4.082.995	598.715	60.573
Norðurland vestra <i>Northwest</i>							
Afli <i>Catch</i>	30.227	23.819	1.031	553	4.064	758	3
Verðmæti <i>Value</i>	7.115.004	5.307.523	347.719	155.480	1.114.883	188.868	530
Norðurland eystra <i>Northeast</i>							
Afli <i>Catch</i>	209.630	131.501	65.833	2.449	8.391	1.442	14
Verðmæti <i>Value</i>	26.570.751	16.444.514	7.201.731	624.994	1.938.559	357.673	3.280
Austurland <i>East</i>							
Afli <i>Catch</i>	431.209	50.658	368.830	1.506	8.331	1.884	0
Verðmæti <i>Value</i>	24.493.112	5.889.605	15.719.654	339.284	2.026.930	517.594	45
Suðurland <i>South</i>							
Afli <i>Catch</i>	251.061	44.772	204.118	460	1.480	232	–
Verðmæti <i>Value</i>	19.726.584	5.852.675	13.344.414	99.512	372.872	57.111	–
Suðurnes <i>Southwest</i>							
Afli <i>Catch</i>	84.058	29.456	41.317	609	12.264	412	–
Verðmæti <i>Value</i>	19.171.495	7.693.712	8.211.063	178.110	2.980.025	108.586	–

Heimild *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

Tafla 9. Afli og verðmæti afla eftir tegund löndunar og heimahöfn skipa 2015
 Table 9. *Catch and catch value by type of landing and home port of vessel 2015*

	Landið allt <i>Whole country</i>	Höfuðborgar- svæði <i>Capital region</i>	Vesturland <i>West</i>
Heildarafli í tonnum <i>Total catch in tonnes</i>	1.319.395	118.731	146.536
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	1.023.241	59.334	115.820
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	14.573	–	–
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	4.340	–	–
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	195.438	56.269	7.950
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	79.520	2.975	22.265
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	–	–	–
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	119	0	–
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	–	–	–
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	2.166	152	501
Heildarverðmæti, þús. kr. <i>Value, thousand ISK</i>	151.301.059	21.979.406	20.091.107
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	81.588.729	5.294.638	11.593.641
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	4.705.329	–	–
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	171.164	–	–
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	43.925.917	15.965.846	2.392.328
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	20.369.835	696.028	5.981.448
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	–	–	–
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	58.426	17	–
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>	–	–	–
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	481.659	22.876	123.690

Vestfirðir <i>Westfjords</i>	Norðurland vestra <i>Northwest</i>	Norðurland eystra <i>Northeast</i>	Austurland <i>East</i>	Suðurland <i>South</i>	Suðurnes <i>Southwest</i>	Annað <i>Other</i>
47.757	30.227	209.630	431.209	251.061	84.058	187
30.065	15.729	127.437	401.824	219.905	53.095	32
–	–	844	2.312	10.869	548	–
–	–	2.664	1.676	–	–	–
5.473	9.118	66.387	16.242	10.815	23.183	–
11.685	5.293	12.082	9.013	9.309	6.807	91
–	–	–	–	–	–	–
55	–	–	–	–	–	64
–	–	–	–	–	–	–
480	87	216	142	162	425	0
12.090.762	7.115.003	26.570.751	24.493.111	19.726.584	19.171.496	62.840
